

## Skýrsla

**Nafn verkefnis:** Samfélagsfræði  
**Höfundar:** Anna Hulda Hjaltadóttir og Bjarkey Sigurðardóttir.  
**Tímabil:** Veturinn 2006-2007  
**Árgangar:** **9. bekkur og 10. bekkur**

### Stutt lýsing á verkefninu:

Svindlmiði (annars vegar fyrir „svindlpróf“ og hins vegar sem stakt námsmatstæki) sem er handskrifuð A4 blaðsíðu sem er undirbúin heima.

### Hvað gekk vel?

Nemendur lærðu mikið á því að útbúa miðana, þar sem þau urðu að reyna að átta sig á því hver væru aðalatriðin úr köflunum og hvernig líklegt væri að prófið myndi vera. Þau höfðu einnig takmarkað pláss og urðu því að vanda skriftina og nýta plássið vel undir þær upplýsingar sem þau vildu hafa. Þetta krafði nemendur um undirbúning, skipulag og að geta dregið saman aðalatriði nákvæmra upplýsinga.

Svindlpróf er jákvæð leið til þess að gera nemendum kleift að tileinka sér betur efni samfélagsfræðinnar og án utanbókarlærdóms sem vill oft loða við þessa námsgrein.

Svindlmiðinn sem gildi einn og sér til námsmats gekk vel hjá þeim sem lögðu sig fram, vönduðu val efnispátta og komu þeim frá sér á skipulagðan hátt.

### Hvað hefði mátt fara betur?

Eftir fyrstu tilraun með þetta námstæki sáum við að gott væri að hafa nákvæmara mat á sjálfum svindlmiðanum (gátlista) en hann gildi aðeins til hækkunar (allt að 0,4). Í seinna skiptið (þ.e. þegar við höfðum aðeins svindlmiðann sjálfann sem námsmatstæki) þá höfðum við það þannig að miðinn mátti vera tölvuunnin (A4-beggja vegna) og höfðum gátlista til að fara yfir miðana. Hins vegar var gátlistinn of nákvæmur svo við drógum úr kröfunum. Einnig hefðu fyrirmælin til nemenda mátt vera skýrari og skrifleg. Mörgum óx það í augum að gera svona nákvæman miða og gáfust upp eftir því sem leið á verkefnið, byrjuðu vel en virtust ekki hafa úthald í að ljúka við miðann.

### Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

Verkefnið er hægt að nota áfram því það hentar vel í samfélagsfræði. Við teljum líklegt að svindlpróf verði áfram hluti af námsmati í faginu en síður að svindlmiðar verði notaðir aftur til námsmats einir og sér í þeirri mynd sem þeir voru nú í vetur. Útbúa þyrfti nánari verklýsingar fyrir svindlmiðann.

### Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

Nemendur voru ánægðir með þetta fyrirkomulag og sögðust hafa lært mikið af þessu, sérstaklega vegna vinnunnar sem fór í að útbúa miðana. Nemendur voru afar jákvæðir og vildu fá slíkt námsmat aftur. Nokkrir nemendur sem standa ekki vel að vígi í námi komu okkur á óvart og stóðu sig vel og þá vegna góðs undirbúnings.

### Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Þessi leið okkar í námsmati hjálpaði okkur við að kenna nemendum að bera meiri ábyrgð á eigin námi og að koma skipulagi á námsefnið og námstækni. Vinnan fyrir prófið krafði nemendur um markvissan lestur og skráningu upplýsinga. Með því að lesa efnið og skrifa niður efnislegar upplýsingar festist meira í minni, þau verða betur undirbúinn fyrir umræður og spyrja spurninga og mynda sér skoðanir.

## Skýrsla

<b>Nafn verkefnis:</b>	Samfélagsfræði
<b>Höfundur/höfundar:</b>	Anna Hulda Hjaltadóttir og Bjarkey Sigurðardóttir.
<b>Tímabil:</b>	Veturinn 2006-2007
<b>Árgangur/árgangar:</b>	<b>9. bekkur</b>

### Stutt lýsing á verkefninu:

Heimapróf – nemendur fengu prófið heim með sér og áttu að skila því fullunnu daginn eftir.

### Hvað gekk vel?

Prófið gekk vel og það náðu allir ágætri einkunn. Erfitt er að geta sér til um hverjir leita sér aðstoðar, hvort sem það er aðstoð foreldra eða bekkjarfélaga, en við lítum svo á að slík „samvinna“ sé ágæt þar sem nemandinn lærir af henni og þarf að skrifa svörin sjálfur.

### Hvað hefði mátt fara betur?

Það sem kom okkur á óvart var að enginn náði hæstu einkunn í prófinu en vel flestir fengu góðar einkunnir. Kröfurnar voru miklar við yfirferð þar sem nemendur höfðu öll námsgögn við hendina þegar þeir unnu prófið. Því miður skiluðu hins vegar ekki allir prófinu og þeir sem gerðu það ekki eru þeir nemendur sem eru hvað slakastir við skil á heimanámi og skilaverkefnum.

### Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

Við teljum að nota megi þessa námsmatsaðferð áfram þar sem við teljum hana góða leið til að dýpka skilning nemenda á efninu. Hins vegar þarf að finna leið til að meta þá sem ekki skila, jafnvel láta slíka nemendur vinna prófið í skólanum með aðstoð bóka og glósa.

### Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

Nemendur voru almennt ánægðir með fyrirkomulagið en þó kvörtuðu nokkrir vegna álags á sama tíma, bæði námslega og félagslega. Verkefni sem þetta er krefjandi og tímafrekt og því eru nemendur misánægðir með slíkt en þeir vilja gera vel og vanda sig.

### Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Enn á ný er leitað leiða til að fá nemendur til að lesa efnið, sem er þungt og viðamiklegt og með því að gefa nemendum tækifæri á að vinna próf beint upp úr námsefninu teljum við að þeir geti tileinkað sér betur efnislegt innihald.

## Skýrsla

**Nafn verkefnis:** Samfélagsfræði  
**Höfundur:** Anna Hulda Hjaltadóttir  
**Tímabil:** Veturinn 2006-2007  
**Árgangur:** **10. bekkur**

### Stutt lýsing á verkefninu:

Tveggja daga próf. Nemendur koma og taka próf og koma svo aftur daginn eftir og ljúka við prófið. Nemendur eiga að lesa sér til um þá efnisþætti sem þeir stranda á milli þess sem þeir mæta í prófið

### Hvað gekk vel?

Einhverjir nemendur nýttu sér það að lesa heima fyrir seinni daginn. Þannig var prófið hluti af þeim kennsluaðferðum sem notaðar voru.

### Hvað hefði mátt fara betur?

Nemendur hefðu getað verið betur undir prófið búnir fyrri daginn þannig að þeir hefðu getað lesið sér markvisst til um þá námsþættir sem þeir gátu ekki leyst fyrri daginn.

### Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

Ég tel góðar líkur á því að nota þetta form áfram. Kenna þarf nemendum að taka próf af þessu tagi þannig að það nýtist þeim að geta lesið sér til um það sem þeir stranda á fyrri prófdaginn.

### Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

Nemendum fannst þetta tilbreyting og voru að mörgu leiti jákvæðir þó þeir leggðu litla vinnu í undirbúning fyrir prófið sjálft.

### Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Leitað er leiða til að auka fjölbreyttni í námsmati og nota námsmat sem kennsluaðferð.